

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 8. mars 2001****um að fella úr gildi ákvörðun 93/351/EBE um greiningaraðferðir, sýnatökuáætlanir og hámarks magn kvikasilfurs í fiskafurðum***(tilkynnt með númeri C(2001) 672)***(Texti sem varðar EES)**

(2001/182/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/79/EB ⁽²⁾, einkum lið 3.C í II. hluta V. kafla viðaukans,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2000 ⁽³⁾ er kveðið á um hámarks magn tiltekinna mengunarefna í matvælum í því skyni að vernda heilbrigði manna og, með skírskotun til gagnsæis, hefur hámarksstyrkur kvikasilfurs í fiskafurðum, ætluðum til manneldis, sem fjallað er um í ákvörðun 93/351/EBE ⁽⁴⁾, verið felldur inn í þá reglugerð. Þar af leiðandi ber að fella ákvörðun 93/351/EBE úr gildi.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

l. gr.

Ákvörðun 93/351/EBE fellur úr gildi 5. apríl 2002.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15.⁽²⁾ Stjútíð. EB L 24, 30.1.1997, bls. 31.⁽³⁾ Stjútíð. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 144, 16.6.1993, bls. 236.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. mars 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.
